



Ú R S K U R Ð U R

15. desember 2011.

Mál nr. X-86/2011:

Sóknaraðili: Burlington Loan Management Limited

(Kári Hólmur Ragnarsson hdl.)

Varnaraðili: Glitnir banki hf.

(Páll Eiríksson hdl.)

Dómari: Ásgeir Magnússon héraðsdómari

Ú R S K U R Ð U R:

Héraðsdóms Reykjavíkur 15. desember 2011 í máli nr. X-86/2011:

Burlington Loan Management Limited

(Kári Hólmar Ragnarsson hdl.)

gegn

Glitni banka hf.

(Páll Eiríksson hdl.)

I.

Mál þetta, sem þingfest var 29. apríl 2011, var tekið til úrskurðar 15. nóvember sl.

Sóknaraðili, Burlington Loan Management Limited, krefst þess aðallega að krafa hans að fjárhæð 29.735.552.316 krónur verði viðurkennd við slitameðferð varnaraðila, Glitnis banka hf., sem almenn krafa skv. 113. gr. laga nr. 21/1991. Til vara sé þess krafist að krafa hans að fjárhæð 28.326.043.541 króna verði viðurkennd sem almenn krafa við slitameðferðina en til þrautavara að krafa hans að fjárhæð 27.046.228.014 krónur verði viðurkennd sem almenn krafa við slitameðferðina. Í öllum tilvikum krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila að mati dómsins auk virðisaukaskatts.

Varnaraðili, Glitnir Banki hf., krefst þess aðallega að kröfum sóknaraðila verði hafnað og að staðfest verði sú afstaða slitastjórnar varnaraðila að krafa sóknaraðila verði viðurkennd sem almenn krafa skv. 113. gr. laga nr. 21/1991 að fjárhæð 27.010.670.980 krónur.

II.

Í september 2007 gaf varnaraðili út skuldabréf á alþjóðamarkaði að fjárhæð einn milljarður Bandaríkjadala eða jafngildi þá um 63 milljarða íslenskra króna. Skuldabréfin, sem voru til fimm ára, voru gefin út undir svokölluðum Medium-Term Note Programme-rammasamningi bankans um alþjóðlega skuldabréfaútgáfu. Byggist krafa sóknaraðila á eignarhaldi hans á skuldabréfum samkvæmt þessari útgáfu í skuldabréfaflokki með auðkennið US37930JAE55, að nafnvirði 199.600.000 Bandaríkjadalir, en óumdeilt er að þau hafi upphaflega verið gefin út með afslætti sem nam 447.104 Bandaríkjadöllum, eða 0,224%.

Í útgáfulýsingu, dags. 25. október 2006, er að finna almenna skilmála fyrir öll þau skuldabréf sem gefin voru út samkvæmt útgáfuáætlun, þ.m.t. lýsingu á varnaraðila, fjárhagslegar upplýsingar, tilgreiningu áhættuþátta og þá skilmála sem við eiga um öll skuldabréf sem gefin voru út samkvæmt útgáfuáætluninni. Þá kemur þar fram að um skuldabréfin gildi lög New York-rikis. Samkvæmt útgáfuáætluninni gengur hver útgáfa skuldabréfa undir nafninu flokkur (*series*) og var sérstakur viðauki vegna verðlagningar (*pricing supplement*) gefinn út fyrir hvern skuldabréfaflokk. Var slíkur viðauki gefinn út fyrir þau skuldabréf sem hér um ræðir hinn 20. september 2007. Er þar að finna skilmála sem kveða m.a. á um í hvaða gjaldmiðli skuldabréfaflokkurinn sé gefinn út, útgáfudag, gjalddaga, vaxtagrunn o.fl. Þar segir jafnframt að útgáfudagur skuldabréfaflokksins sé 25. september 2007 og að skuldabréfin beri fasta 6,375% vexti sem greiðast skuli tvisvar á ári, 25. mars og 25. september. Gjalddagi bréfanna er tilgreindur 25. september 2012 og fram kemur að útgáfuverð flokksins (*issue price of series*) sé 99,776% af samanlögðu nafnvirði.

Hinn 7. október 2008 tók Fjármálaeftirlitið yfir vald hluthafafundar varnaraðila, vék stjórninni frá og skipaði skilanefnd yfir bankann á grundvelli 100. gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði. Þá var bankanum veitt greiðslustöðvun með úrskurði héraðsdóms 24. nóvember 2008. Með gildistöku laga nr. 44/2009, um breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, var Glitnir banki hf. tekinn til slitameðferðar og var bankanum skipuð slitastjórn. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði laganna var slitameðferðin kennd við greiðslustöðvun á meðan heimild bankans til greiðslustöðvunar á grundvelli laga nr. 129/2008, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, stendur. Slitastjórn varnaraðila gaf út innköllun til skuldheimtumanna, sem birtist í Lögbirtingablaðinu 26. maí 2009, og lauk kröfulýsingarfresti 26. nóvember sama ár. Lýsti sóknaraðili kröfu innan kröfulýsingarfrests með kröfulýsingu, dags. 20.

nóvember 2009. Nam lýst krafa skv. 113. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. samtals 207.019.952 Bandaríkjadöllum, eða 27.059.577.926 krónum. Nam höfuðstóll kröfu hans 199.600.000 Bandaríkjadöllum, eða 26.089.716.000 krónum. Í viðauka við kröfulýsinguna lýsti sóknaraðili heildarkröfu vegna dráttarvaxta frá 7. október 2008 til og með 22. apríl 2009 vegna allra þeirra skuldabréfakrafna sem voru í Bandaríkjadöllum. Þá lýsti hann í sérstökum viðauka kostnaðarkröfu sem tæki til allra skuldabréfakrafna sóknaraðila við slitameðferðina. Tók hann fram í kröfulýsingunni að sú fjárhæð tengdist ekki öll varnaraðila og að þess væri óskað að slitastjórnin myndi meta hlutfallslegan kostnað vegna máls þessa. Slitastjórn varnaraðila gaf út kröfuskrá hinn 8. desember 2009 þar sem birtur var listi yfir kröfur sem lýst var innan kröfulýsingarfrests og afstaða tekin til þeirra að því marki sem hún lá fyrir. Var kröfuskráin lögð fram á kröfuhafafundi 17. desember 2009.

Með bréfi, dags. 8. nóvember 2010, tilkynnti varnaraðili sóknaraðila að hann samþykkti kröfu hans með breytingum og væri 27.010.670.980 króna krafa samþykkt sem almenn krafa skv. 113. gr. laga nr. 21/1991. Sóknaraðili mótmælti framangreindri afstöðu varnaraðila til viðurkenningar kröfunnar á kröfuhafafundi 2. desember 2010 að því leyti sem hún hefði ekki verið viðurkennd í samræmi við kröfulýsingu. Hinn 14. mars 2011 var haldinn fundur til að reyna að jafna ágreining um kröfu sóknaraðila en ekki tókst að leysa úr þeim ágreiningi. Ákvað slitastjórn varnaraðila því að beina ágreiningsefninu til héraðsdóms eftir ákvæðum 171. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 21/1991.

III.

Sóknaraðili vísar til þess að mismunurinn milli aðal-, vara- og þrautavarakröfu hans komi til vegna mismunandi vaxtaútreikninga. Í öllum tilfellum sé gerð krafa um alla höfuðstólsupphæðina, miðað við samanlagt nafnvirði skuldabréfanna, og kostnað.

Sóknaraðili kveðst byggja á því að sameiginlegt heildarnafnvirði skuldabréfanna sé 26.089.716.000 krónur, þar með talið heildarvirði afsláttar við útgáfu skuldabréfanna sem nemi 58.440.964 krónum. Skilmálar skuldabréfanna séu skýrir og kveði berum orðum á um þessa niðurstöðu. Engu að síður hafi slitastjórnin neitað að viðurkenna greiðsluskyldu á samanlögðu heildarnafnvirði skuldabréfanna. Þessi afstaða virðist byggjast á þeim sjónarmiðum að líta beri á afslátt af útboðsverði skuldabréfanna sem vaxtaþátt í kröfunni. Nafnverð skuldabréfanna sem gefin hafi verið út 25. september 2007 hafi verið einn milljarður Bandaríkjadala. Hins vegar staðfesti viðaukinn vegna verðlagningar að útboðsgengi (*issue price of tranche*) hafi verið 99,776%. Samkvæmt því hafi afslátturinn sem um ræði, og slitastjórnin vísi til sem „upphaflegs afsláttar við útgáfu“ (*original issue discount*), verið 0,224% af nafnvirði skuldabréfanna.

Skilmálar skuldabréfanna heimili að samanlagt nafnvirði skuldabréfaflokks sem gefin hafi verið út samkvæmt áætluninni megi vera annað en útboðsverð skuldabréfanna. Áskilið sé í skilmálunum að viðaukinn vegna verðlagningar mæli í hverju tilviki annars vegar fyrir um útboðsgengi skuldabréfanna (*issue price*) og hins vegar nafnvirði þeirra (*principal amount*). Útboðsgengið hafi í þessu tilviki verið lægra en nafnvirðið, sem þýði að bréfin hafi verið gefin út með afslætti.

Skilmálar skuldabréfanna, og þá skuldabréfaútgáfunnar í heild, innihaldi sérstakar reglur um skuldabréf sem kalla megi afsláttarbréf (*discount notes*). Í ljósi skilgreiningar sem fram komi í skilmálunum sé ljóst að jafnvel þótt mjög lítil afsláttur hafi verið gefinn teljist skuldabréfin ekki afsláttarbréf samkvæmt skilmálunum því bréfin séu til fimm ára og umræddur afsláttur sé lægri en 1,25%, eins og áskilið sé um slík bréf. Ákvæði 7 í skilmálunum, sem einungis eigi við um afsláttarbréf, tilgreini að þegar komi til innlausnar, endurgreiðslu eða gjaldfellingar skuldabréfanna muni sú fjárhæð sem verði til greiðslu fyrir handhafa þeirra verða jafnhá, ásamt öðru, endurgreiðsluvirði nafnvirðis skuldabréfanna og að útistandandi afsláttur muni vera reiknaður í samræmi við tiltekna ávöxtunaraðferð (*constant yield method*) nema önnur aðferð sé sérstaklega áskilin. Með öðrum orðum ef um sé að ræða snemmbúna endurgreiðslu muni greiðsla höfuðstólsins verða reiknuð í samræmi við afskriftaaðferð sambærilega þeirri sem slitastjórn hafi kosið að nota í máli þessu.

Í samræmi við þetta sé mögulegt að slitastjórnin hafi ranglega ályktað að skuldabréfin teljist afsláttarbréf á grundvelli þess að þau hafi verið útgefin með afslætti. Hins vegar staðfesti skilgreining afsláttarbréfa hið gagnstæða, sem og viðaukinn vegna verðlagningar, þar sem skuldabréfunum sé lýst sem fastgengisbréfum (*fixed rate notes*).

Hvað varði fyrirkomulag endurgreiðslna fyrir skuldabréfin sem hér um ræði séu skilmálar þeirra aftur skýrir. Þannig komi eftirfarandi fram í ákvæði 6(d) í skilmálunum um fyrri innlausnarupphæðina (*early redemption amount*) sem sögð sé eiga við um innlausn í kjölfar vanefnda: „... in the case of notes, other than zero coupon notes, with a final redemption amount that is or may be lesser or greater than the issue price... [is to be calculated] at the amount set out in, or determined in the manner set out in, the applicable pricing supplement or, if no such amount or manner is set out in the supplement or supplements, at their nominal amount.“ Þá sé í kafla 26 í viðaukanum vegna verðlagningar staðfest að endanleg innlausnarupphæð sé nafnverð (*par*). Sé þannig ljóst að skuldabréfin séu bréf með endanlega innlausnarupphæð sem sé eða kunni að vera minni eða meiri en útgáfuverðið. Loks sé í kafla 27 í viðaukanum kveðið á um tiltekna fjárhæð í þessu sambandi. Sé með því staðfest að fyrri innlausnarupphæðin fyrir skuldabréfin (*early redemption amount*) sé 100% af höfuðstólnum auk útistandandi vaxta (*100 percent of the principal amount plus accrued interest*).

Sóknaraðili kveðst vísa til fyrirbyggjandi lögfræðiálits, sem sóknaraðili hafi aflað, sem staðfesti að samkvæmt lögum New York-fylkis sé réttur til heildarnafnvirðis bréfanna skýr og ótvíræður. Ekkert sé heldur í íslenskum rétti sem leiði til þess að heildarafslátturinn skuli ekki teljast hluti af höfuðstólnum, sem komi svo í hlut sóknaraðila við eftirfarandi aðstæður: a) þegar skilmálar skuldabréfanna séu ótvíræðir og vísi til þess að heildarfjárhæðin sé gjaldfallin og greiðanleg, b) heildarfjárhæðin sé gjaldfallin og greiðanleg samkvæmt þeim lögum sem eigi við um samninginn og c) engar reglur í íslenskum lögum, eða aðrar ástæður, leiði til þess að íslenskir dómstólar muni ekki framfylgja samningnum.

Þá sé ákvörðun slitastjórnarinnar ekki í samræmi við heildarframsetningu skuldabréfanna, enda aðgreini skilmálar þeirra skýrlega, og meðhöndli með ólíkum hætti, þau bréf sem útgefin séu með afslætti eftir því hversu hár afslátturinn sé.

Sóknaraðili vísi til þess að slitastjórnin virðist annars vegar byggja á meginreglum um gjaldþrotaskipti og úrskurðum í öðrum löndum og hins vegar meginreglunni um jafnræði milli kröfuhafa, þ.e. milli handhafa skuldabréfa útgefinna með afslætti og handhafa skuldabréfa sem ekki séu gefin út með afslætti. Vegna þessa veki sóknaraðili á því athygli að óheimilt sé að byggja á meginreglum gjaldþrotaskipta eða dómsúrlausnum í erlendum lögsagnarumdæmum. Þær meginreglur og úrlausnir hafi auk þess hvorki verið tilgreindar né skýrðar. Slitastjórnin hafi heldur ekki gert tilraun til þess að útskýra af hverju þær gætu átt við. Þetta mál varði kröfu sem hafi verið lýst við slitameðferð sem lúti ákvæðum íslenskra laga og samningi sem lúti lögum New York-fylkis. Meginreglur gjaldþrotaskipta í öðrum lögsagnarumdæmum hafi ekki þýðingu vegna þess að varnaraðili sé í gjaldþrotameðferð á Íslandi. Þau lög sem samningurinn heyri undir hafi vitaskuld þýðingu, eins og álitagerðin staðfesti, og hvíli á varnaraðila bindandi lagaskylda til að greiða samanlagða heildarupphæð nafnvirðis skuldabréfanna og sé sú skylda fullnustuhæf samkvæmt New York-rétti. Þá séu engar forsendur til að álykta að túlkun á samningi aðila, sem sé í fullu samræmi við þá skilmála sem um viðskiptin gildi, þannig að sóknaraðili og aðrir í sömu stöðu endurheimti samanlagt heildarnafnvirði skuldabréfanna, sé ekki réttlát og sanngjörn. Enn fremur verði ekki talið að þessi niðurstaða jafngildi því að handhafar skuldabréfa, útgefinna með og án afsláttar, séu meðhöndlaðir með mismunandi hætti. Staðreyndin sé sú að hver skuldabréfaflokkur sé gefinn út með mismunandi skilmálum og endurspegli mismunandi viðskiptasamninga. Tilteknir kröfuhafar, eins og sóknaraðili, hafi keypt skuldabréf af varnaraðila með afslætti með þeim væntingum að samanlagt heildarnafnvirði skuldabréfanna yrði endurgreitt. Það að þeir eigi rétt á að fá heildarnafnvirði skuldabréfanna hafi enga þýðingu fyrir aðra kröfuhafa. Ekki sé hægt að leggja til að réttindi eins hóps kröfuhafa skuli vísitandi skert til þess að auka réttindi annars hóps.

Aðalkrafa sóknaraðila um vexti, sem nemi 3.645.675.454 krónum, sundurliðist þannig að samningsvextir, sem reiknist frá 25. september til 7. október 2008, nemi 55.440.647 krónum og dráttarvextir skv. lögum nr. 38/2001, sem reiknist á samanlagt heildarnafnvirði skuldabréfanna frá 7. október 2008 til og með 22. apríl 2009, nemi 3.590.234.807 krónum. Viðurkenni dómurinn hins vegar höfuðstól kröfunnar eins og slitastjórnin hafi viðurkennt hann þá nemi vaxtaupphæðin samtals 3.640.168.777 krónum. Nemi samningsvextir á tímabilinu 25. september til 7. október 2008 þar af 55.440.647 krónum og dráttarvextir skv. lögum nr. 38/2001 frá 7. október 2008 til og með 22. apríl 2009, reiknaðir á höfuðstólinn eins og hann sé viðurkenndur af slitastjórn, 3.584.728.130 krónum.

Samkvæmt varakröfu sé krafist vaxta að fjárhæð 2.236.166.680 krónur sem sundurliðist þannig að samningsvextir frá 25. september 2008 til 7. október 2008 nemi 55.440.647 krónum og lögboðnir vextir fyrir dómsuppsögu samkvæmt lögum New York-fylkis (skv. New York's Civil Practice Law & Rules ákvæða 5001 og 5004), reiknaðir á samanlagt heildarnafnvirði skuldabréfanna og ógreidda samningsvexti frá 7. október 2008 til 22. apríl 2009, nemi 2.180.726.033 krónum. Viðurkenni dómurinn hins vegar höfuðstólinn eins og slitastjórnin hafi viðurkennt hann sé vaxtaupphæðin 2.234.215.889 krónur. Þar af nemi samningsvextir frá 25. september til 7. október 2008 55.440.647 krónum og lögbundnir vextir eftir dómsuppsögu samkvæmt lögum New York-fylkis, reiknaðir á höfuðstólinn eins og hann sé viðurkenndur af slitastjórn, 2.178.775.242 krónum.

Að öðrum kröfum frágengnum krefjist sóknaraðili vaxta eins og þeir séu viðurkenndir af slitastjórn, eða 956.351.152 króna, sem séu samningsvextir reiknaðir á samanlagt heildarnafnvirði skuldabréfanna frá 25. september 2008 til og með 22. apríl 2009.

Í öllum tilfellum krefjist sóknaraðili kostnaðar að upphæð 160.862 krónur sem samanstandi af lögfræðikostnaði og útgjöldum sem hafi fallið til í tengslum við fall Glitnis og vegna undirbúnings og innheimtu á kröfu sóknaraðila.

Sóknaraðili krefjist dráttarvaxta frá 7. október 2008 en þann dag hafi Fjármálaeftirlitið tekið yfir vald hlutahafafundar, vikið stjórninni frá og skipað skilanevnd yfir bankann. Sóknaraðili veki athygli á að varnaraðili hafi farið í greiðslustöðvun 24. nóvember 2008. Slitastjórnin hafi ranglega hafnað þessari kröfu sóknaraðila og úrskurðað þess í stað að greiða beri samningsbundna vexti til 22. apríl 2009 á þeim grundvelli að enginn lagagrundvöllur sé til þess að heimta lögbundna dráttarvexti.

Sóknaraðili telji að beita verði ákvæðum laga nr. 38/2001 um ákvörðun dráttarvaxta þar sem skilmálar skuldabréfanna kveði ekki á um viðeigandi vaxtastig þeirra. Hvað það varði byggi sóknaraðili einkum á því að óumdeilt sé að varnaraðili sé íslenskt félag sem heyri undir íslensk lög og að um slitameðferð hans fari samkvæmt íslenskum rétti samkvæmt lögum nr. 161/2001 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti. Nánar tiltekið sé skýrt tekið fram í 1. mgr. 104. gr. laga um fjármálafyrirtæki að um réttaráhrif, málsmeðferð og framkvæmd ákvörðunarinnar skuli fara að íslenskum lögum með þeim takmörkunum er greini í 2. mgr. 99. gr. Ákvæðið sem vísað sé til í 99. gr. kveði á um að ýmsar tegundir samninga, þar með taldir ráðningarsamningar, samningar um skuldajöfnuð og fasteignasamningar, en engum slíkum samningum sé til að dreifa í þessu máli, skuli lúta viðeigandi umsömdum landslögum. Samkvæmt því séu skuldabréfin ekki undanskilin og spurningin um rétt sóknaraðila til dráttarvaxta og upphæð þeirra falli innan réttaráhrifa, málsferðar og framkvæmdar slitameðferðar og skuli því ákvarðast í samræmi við íslensk lög. Sóknaraðili haldi því fram að þær reglur sem lög um fjármálafyrirtæki kveði á um séu sérreglur um lagaskil og gangi því framar öðrum almennum reglum um sama málefni. Hvorki lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki né lög nr. 21/1999 um gjaldþrotaskipti o.fl. kveði á um sérstakar reglur um vexti. Í samræmi við það séu kröfur sóknaraðila um vexti byggðar á lögnum um vexti og verðtryggingu. Í þeim lögum sé að finna ófrávíkjanleg ákvæði um dráttarvexti, þar með talið rétt til dráttarvaxta og hvenær þeir eigi við, þ.e. þegar samningur innihaldi ekki sérstök ákvæði um dráttarvexti, sbr. 1.mgr. 6. gr. Ljóst sé að gildissvið þeirra takmarkist ekki við samninga sem lúti íslenskum lögum eða samningum sem séu í íslenskum krónum.

Sóknaraðili veki athygli á, svo öllu sé til haga haldið, að lög nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningaréttar skeri almennt úr um álitafni í tengslum við það hvaða lög eigi að gilda um einkaréttarlegar samningsskuldbindingar sem tengist fleiri en einni lögsögu. Þótt lögin um lagaskil kveði á um, undir ákveðnum kringumstæðum, að samningar heyri undir þau lög sem aðilar hafi með berum orðum ákveðið að gildi, þá veki sóknaraðili athygli á því að samkvæmt undantekningu frá gildissviði laganna í c-lið 2. mgr. 1. gr. gildi lögin ekki um samningsskuldbindingar sem byggi á skuldabréfum eða öðrum verðbréfum. Þannig eigi lög um lagaskil einfaldlega ekki við og af ástæðum sem raktar séu að framan þá verði íslensk lög að gilda um rétt til dráttarvaxta.

Komist dómurinn hins vegar að þeirri niðurstöðu að lögin um lagaskil eigi við þá telji sóknaraðili að 4. gr. laga um lagaskil hafi þau áhrif að dómurinn verði að taka afstöðu til þess hvaða ríki hafi sterkust tengsl við dráttarvaxtakröfuna þar sem skilmálar skuldabréfanna kveði ekki á um rétt sóknaraðila til dráttarvaxta. Samkvæmt lögnum um lagaskil sé það ríki almennt það land sem sá aðili sem efna eigi aðalskyldu samningsins, í þessu tilviki varnaraðili, hafi verið staðsettur í við samningsgerðina, eða Ísland. Enn fremur sé það ríki sem sé mest tengt gjaldþroti varnaraðila án efa Ísland þar sem slitameðferðin fari fram á Íslandi, heyri undir íslenska dómstóla og fari fram samkvæmt íslenskum lögum.

Þar að auki segi í 7. gr. laganna um lagaskil: „... einnig [er] heimilt að beita ófrávíkjanlegum reglum í lögum annars lands sem atvik málsins hafa náin tengsl við, ef og að því marki sem skylt er að beita þeim samkvæmt lögum þess lands, óháð því hvaða lög eiga annars við um samninginn. Þegar metið er hvaða ófrávíkjanlegu reglur eiga við skal litið til eðlis þeirra og tilgangs og afleiðinga þess að beita þeim eða beita þeim ekki.“ Enn fremur segi í 2. mgr. ákvæðisins: „Ekkert í lögum þessum takmarkar beitingu ófrávíkjanlegra reglna íslensks réttar, ef mál er rekið hér á landi, óháð því hvers lands lögum á annars að beita um samninginn.“ Þetta sé í fullkomnu samræmi við 3. mgr. 3. gr. og 7. gr. Rómarsamningsins um lagaskil á sviði samningaréttar. Eins og fram komi að ofan þá gildi ófrávíkjanlegar reglur íslensks réttar sérstaklega í slitameðferð sem eigi sér stað á Íslandi í tengslum við íslenskt félag. Með hliðsjón af meginreglunni um jafnræði kröfuhafa og sanngjarna meðferð kröfuhafa verði að telja að dóminum beri að beita íslenskum lögum um álitafni sem rísi í tengslum við slitameðferð, þar með talið um rétt kröfuhafa til dráttarvaxta. Ákvæði 7. gr. laga um lagaskil kveði sérstaklega á um að dómstóllinn meti afleiðingar þess ef ákvæðum ófrávíkjanlegra lagaákvæða er ekki beitt. Sóknaraðili telji að ef ófrávíkjanlegum ákvæðum í tengslum við vexti, þ.e. ákvæðum laga nr. 38/2001, er ekki beitt þá muni það leiða til ójafnræðis og ósanngjarnrar niðurstöðu.

Telji dómurinn hins vegar, gagnstætt því sem sóknaraðili haldi fram, að um álitafni varðandi dráttarvexti fari samkvæmt lögum New York-fylkis en ekki íslenskum vísi sóknaraðili til þess að lög New York-fylkis mæli fyrir um fasta vexti fyrir dómsuppsögu (*pre-judgment interest*) í þessum aðstæðum. Á grundvelli þess að skilmálar skuldabréfanna kveði ekki á um viðeigandi vaxtastig dráttarvaxta, sem gilda skuli í tengslum við kröfu sóknaraðila, þá sé vaxtastigið samkvæmt New York-rétti 9% á ári, sem reiknist á allar upphæðir sem greiða skuli sóknaraðila. Sé þetta staðfest í lögfræðiálitinu sem sóknaraðili hafi lagt fram í málinu, en þar komi fram að dómstóll í New York myndi dæma í samræmi við kröfu sóknaraðila lögbundna 9% vexti fyrir dómsuppsögu frá 7. október 2008. Sé hér um að ræða vexti á höfuðstól, þ.m.t. heildarfjárhæð afsláttar og samningsvexti, frá 7. október til og með 22. apríl 2009. Sé þá með talin sú vaxtagreiðsla sem gjaldfallið hafi og verið til greiðslu 25. mars 2009. Sóknaraðili krefjist því 2.236.166.680 króna.

Varðandi kostnað vísi sóknaraðili til þess að samkvæmt íslenskum rétti eigi kröfuhafi rétt á að endurheimta kostnað í tengslum við innheimtu kröfu sinnar gagnvart þrotabúi. Þetta megi m.a. sjá í 114. gr. laga nr. 21/1991 þar sem beinlínis sé vísað til innheimtukostnaðar. Þessi meginregla í skiptarétti, þ.e. að kröfuhafi geti krafist kostnaðar úr búinu, hafi ítrekað verið staðfest í dómsúrlausnum. Gildi þessi meginregla augljóslega um kröfu hans með sama hætti og hún gildi um kröfur íslenskra kröfuhafa, þ.e. að kostnaður í tengslum við innheimtu og lýsingu krafna sé endurheimtanlegur frá búinu.

Sú regla að um kostnaðarkröfur skuli fara samkvæmt löggjöf heimaríkis slitameðferðarinnar sé sett fram í Evróputilskipun 2001/24/EC um fjárhagslega endurskipulagningu og slit fjármálastofnana, nánar tiltekið í k-lið 2. mgr. 10. gr. Þetta sé mikilvæg regla þar sem önnur niðurstaða myndi leiða til þess að kröfuhöfum yrði mismunað þegar greitt yrði úr búinu eingöngu á grundvelli þess undir hvaða lög samningar þeirra féllu.

Sóknaraðili krefjist kostnaðar sem fallið hafi til í tengslum við sönnun og framsetningu kröfunnar við slitameðferðina. Sóknaraðili hafi óhjákvæmilega þurft að leita faglegrar ráðgjafar vegna gjaldþrots varnaraðila enda hafi slitameðferðin áhrif í mörgum löndum. Til þess að lágmarka kostnaðinn hafi sóknaraðili, ásamt hópi annarra skuldabréfaeigenda, leitað eftir lögfræðiráðgjöf og annarri ráðgjöf erlendra og innlendra sérfræðinga. Hafi kostnaðinum verið skipt á milli kröfuhafanna og krefjist sóknaraðili greiðslu á þeim hluta kostnaðarins sem á hann hafi fallið. Sé sá kostnaður bein afleiðing af ógjaldfærni varnaraðila. Hafi hann verið nauðsynlegur og óhjákvæmilegur og standi í beinum tengslum við innheimtu sóknaraðila á kröfu sinni.

Kostnaðurinn sé sem fyrr segi samkvæmt reikningum sem sóknaraðili hafi greitt vegna ráðgjafar og sérfræðiþjónustu fyrir 22. apríl 2009. Sóknaraðili sé einnig kröfuhafi annarra gjaldþrota íslenskra banka en varnaraðila og tengist kostnaðurinn í mörgum tilvikum álitafnum sem séu sameiginleg við allar slitameðferðirnar. Að því marki sem kostnaðurinn varði fleiri en einn af hinum föllnu íslensku bönkum hafi sóknaraðili skipt honum jafnt niður og krefjist þannig í þessu máli tiltekins hluta kostnaðarins. Ennfremur hafi sóknaraðili skipt kostnaðinum jafnt milli allra þeirra krafna sem hann hafi lýst við slitameðferð varnaraðila.

Sóknaraðili veki athygli á því að kostnaði hafi verið lýst sem hluta af kröfu sóknaraðila við slitameðferðina, svo sem fram komi í kröfulýsingu. Slitastjórn hafi á fyrri stigum, til einföldunar, skráð heildarkostnaðarkröfuna undir sérstökum lið á kröfuskrá. Óumdeilt sé milli aðila að rétt sé að fjalla um í þessu dómsmáli þann þátt kostnaðarins sem tengist þeirri kröfu sóknaraðila sem sé til meðferðar, sbr. framangreindar útskýringar á því hvernig kostnaðinum hafi verið skipt niður á kröfur sóknaraðila við slitameðferðina.

Varðandi lagarök kveðst sóknaraðili vísa m.a. til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sérstaklega 1., 5. og 6. gr. laganna, laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., sérstaklega 113. gr., og laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, sérstaklega 104. og 99. gr. um lagaskil, laga um lagaskil á sviði samningaréttar nr. 43/2000, Rómarsamningsins um lagaskil á sviði samningaréttar og Evróputilskipunar 2001/24/EC um endurskipulag og gjaldþrotaskipti fjármálastofnana. Þá sé vísað til laga New York-fylkis. Krafa sóknaraðila um málskostnað byggist á 130. gr. laga nr. 91/1991.

IV.

Varnaraðili vísar til þess að umrædd skuldabréf hafi verið gefin út með afföllum og hafi sóknaraðili greitt 99,776 % af nafnverði bréfanna. Samkvæmt skilmálum bréfsins hafi átt að greiða nafnverðið á lokagjalddaga en aldrei hafi komið til þess vegna falls varnaraðila. Ekki sé því um afsláttarbréf að ræða samkvæmt skilgreiningu útgáfulýsingar skuldabréfanna þar eð afslátturinn hafi aðeins numið 0,224% en yrði að vera 1,25% af nafnverði til að falla undir skilgreininguna. Til að gæta jafnræðis kröfuhafa hafi varnaraðili hins vegar reiknað öll skuldabréf sem gefin hafi verið út með afslætti á þann hátt að útgáfuafföllin hafi verið afskrifuð með svokallaðri beinlínuaðferð, sem þýði að þeim hafi verið dreift jafnt á líftíma skuldabréfanna. Skipti þá engu máli hvort umrædd skuldabréf féllu undir skilgreininguna og teldust afsláttarbréf (*original issue discount*) því nægilegt væri að þau hefðu verið gefin út með afslætti. Sé á því byggt að fara beri með upphaflegu afföllin sem jafngildi ógjaldfallinna vaxta, þannig að sóknaraðili geti aðeins krafist greiðslna samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 varðandi upphæð upphafsútgáfunnar með afföllum miðað við upphafsdag slitameðferðar varnaraðila 22. apríl 2009. Sóknaraðili hafi því fengið afföllin sem fallið hefðu til fyrir 22. apríl 2009, auk samningsvaxta, viðurkennda sem almenna kröfu. Afföll eftir 22. apríl 2009 teldust því til ógjaldfallinna vaxta, sem farið hafi verið með sem víkjandi kröfur skv. 114. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 21/1991. Þessi niðurstaða sé að mati varnaraðila réttlát og sanngjörn þar sem hún tryggi sambærilega meðferð kröfuhafa sem eigi vaxtaberandi skuldabréf sem gefin hafi verið út með afföllum og þeirra sem ekki hafi verið gefin út með afföllum. Sú aðferð sé í fullu samræmi við meginreglur gjaldþrotalaga um jafnræði kröfuhafa. Ef þessari aðferð varnaraðila hefði ekki verið beitt hefðu þeir kröfuhafar sem keypt hefðu bréf með afföllum og þeir sem ekki gerðu það fengið sömu fjárhæð að þeirri forsendu gefinni að vextir hefðu verið eins í báðum útgáfum.

Ekki sé mótmælt þeim staðhæfingum sem fram komi í greinargerð sóknaraðila að í skilmálum skuldabréfanna sé staðfest að þegar innlausn þeirra eigi sér stað á lokagjalddaga skuli bréfin innleyst á lokainnlausnargengi (*early redemption amount*), eins og það sé skilgreint í viðaukanum vegna verðlagningar. Lokainnlausnargengi samkvæmt viðaukanum sé 100% af nafnverði bréfsins, ásamt áföllnum vöxtum. Lokagjalddagi bréfanna hafi verið 25. september 2012. Hins vegar geti annað átt við þegar skuldabréfin séu innleyst fyrir gjaldþrotadaga. Í 12. gr. skilmálanna sé kveðið á um að þegar send sé gjaldfellingartilkygning til útgefanda í kjölfar vanefndaatviks skuli skuldabréfin greidd á „innlausnargengi við uppgreiðslu“ (*early redemption amount*). Sóknaraðili hafi hins vegar ekki sent skriflega tilkynningu til varnaraðila þar sem hann gjaldfelli skuldabréfin eins og skilyrt sé skv. 12. gr. skilmálanna.

Sóknaraðili virðist byggja málsástæður sínar að mestu leyti á fyrirbyggjandi álitserð bandarísks lögfræðings sem aflað hafi verið einhliða af sóknaraðila. Beri

að meta sönnunargildi hennar með hliðsjón af þeirri staðreynd. Umræddur álitsgjafi hafi ekki verið dómkvaddur eftir reglum laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og sé sönnunargildi álitssgerðarinnar mótmælt. Varnaraðila hafi ekki verið gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna og koma sjónarmiðum sínum á framfæri við gerð hennar. Geti álitssgerðin því ekki haft neina þýðingu við úrlausn málsins enda reist á hæpnum forsendum að mati varnaraðila. Vegna þessa hafi varnaraðili einnig óskað eftir álitssgerð bandaríks lögmanns og lagt fyrir hann svipaðar spurningar og sóknaraðili hafi gert. Samkvæmt því áliti eigi sóknaraðili ekki rétt á nafnverði skuldabréfanna þar sem hann hafi ekki sent skriflega tilkynningu til varnaraðila og lýst yfir gjaldfellingu á skuldabréfinu eins og beri að gera við vanefnd samkvæmt tilvitnaðri 12. gr. skilmálanna. Ekki sé annað að sjá en að álitssgerð sú sem sóknaraðili hafi aflað byggist á þeirri forsendu að gjaldfellingartilkynning hafi verið send varnaraðila. Varnaraðili beri hins vegar sönnunarbyrðina fyrir því að hún hafi verið afhent. Ljóst sé að umrædd skuldabréf hafi ekki gjaldfallið sjálfkrafa þegar til vanefndar þeirra kom. Þar sem sóknaraðili hafi ekki sent skriflega tilkynningu eins og áskilið sé hafi hann gjaldfellt skuldabréfin í fyrsta lagi með kröfulýsingu sinni, eða 24. nóvember 2009.

Varðandi rétt sóknaraðila til vaxta að öðru leyti sé á það bent að skv. 2. mgr. 117. gr. gjaldprotaskiptalaga nr. 21/1991 skuli í kröfulýsingu tiltaka kröfur svo skýrt sem verða megi, svo sem fjárhæð kröfu og vaxta í krónum, og hveðrar stöðu sé krafist að krafan njóti í skuldaröð við gjaldprotaskipti. Af fyrirmælum í 2. mgr. 117. gr. laganna megi ráða að kröfugerð þurfi nánast að vera með sama hætti og í stefnu í einkamáli, sbr. d-lið 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Þó sé gerður áskilnaður um efni kröfugerðar í kröfulýsingu sem gangi lengra en gert sé varðandi stefnu. Þannig verði í kröfulýsingu að tilgreina fjárhæð peningakröfu í krónum með sundurliðuðum útreikningi hennar til fullnaðar. Þannig nægi ekki að krefjast vaxta með hliðstæðum hætti og í stefnu heldur sé beinlínis boðið að reikna þá út og tiltaka fjárhæð þeirra sem þátt í heildarkröfunni.

Dráttarvaxtakrafa sóknaraðila hafi ekki verið sett fram í kröfulýsingunni sjálfri heldur í sérstökum viðauka með henni. Þá hafi sóknaraðili reiknað dráttarvexti á allar skuldabréfakröfur sínar í einu lagi, án sérstakrar sundurliðunar. Sé í því sambandi bent á að sóknaraðili hafi átt sjötíu og sex skuldabréf undir þrettán skuldabréfaútgáfum sem útgefnar hafi verið í Bandaríkjadöllum. Byggi hver slík útgáfa á eigin forsendum og skilmálum. Hafi varnaraðila því verið ómögulegt að sjá hvaða dráttarvaxtafjárhæðar væri krafist fyrir skuldabréfakröfur með auðkennið US37930JAE55, sem um sé deilt í máli þessu. Varnaraðili telji því kröfu sóknaraðila um dráttarvexti vanreifaða og að útreikningur kröfunnar samkvæmt fylgiskjali með kröfulýsingu hafi ekki veitt fullnægjandi skýringar á þeim forsendum sem þar séu lagðar til grundvallar. Vaxtafótur sé þó tilgreindur en engar upplýsingar séu um sundurliðun dráttarvaxtakröfunnar á fjölda þeirra skuldabréfa sem hafi verið í eigu sóknaraðila, þ.e. varnaraðili hafi ekki getað áttað sig á því hvaða dráttarvaxtakrafa ætti við um hvert skuldabréf kröfuhafa fyrir sig.

Varnaraðili bendi á að sóknaraðili hafi ekki rökstutt kröfuna frekar eða lagt fram frekari sundurliðun á henni á kröfuhafafundum. Þannig hafi hann ekki gert athugasemdir við skráningu á kröfu sinni á fyrsta kröfuhafafundinum sem haldinn hafi verið 17. desember. 2009. Hann hafi hins vegar mótmælt afstöðu slitastjórnar án frekari rökstuðnings, en eins og komið hafi fram hafi varnaraðili ekki skráð dráttarvaxtakröfuna á kröfuskrá þar sem hún hafi verið vanreifuð og óljós. Þá hafi sóknaraðili hvorki lagt fram sundurliðun á kröfu sinni á kröfuhafafundi 2. desember 2010 né á sérstökum sáttafundi hinn 14. mars sl.

Komi til þess að dómari telji dráttarvaxtakröfu sóknaraðili nægjanlega skýrt fram komna þá vísi sóknaraðili til þess að óumdeilt sé, og verði að leggja til grundvallar, að hvorki útgáfuáætlun né viðaukinn vegna verðlagningar innihaldi ákvæði um greiðslu dráttarvaxta eða annarra vaxta, annarra en samningsvaxta. Þar sem ekki hafi verið sérstaklega kveðið á um hvernig vextir skyldu reiknaðir ef vanskil yrðu hafi varnaraðili valið þá leið að samþykkja samningsvexti af bréfunum til 22. apríl 2009, eins og til vanskila hefði ekki komið. Varnaraðili telji þá leið bæði eðlilega og sanngjarna.

Þá komi skýrt fram að um umrædd skuldabréf gildi lög New York-fylkis. Dráttarvextir séu einn hluti samningssambandsins og fari sá hluti því einnig eftir lögum New York-fylkis skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 43/2000. Sé það og í samræmi við reglur íslensks skiptaréttar um lagaskil að um málsmeðferðina fari samkvæmt íslenskum lögum en efnisréttindi kröfuhafa kunni að ráðast af erlendum lögum, t.d. hafi um það verið samið eins og hér eigi við. Varnaraðili telji óþarft að fara ítarlega í lög um lagaskil nr. 43/2000 eins og sóknaraðili geri enda sé skýrt tekið fram í samningi aðila að samningurinn skuli fara eftir lögum New York-fylkis og í 3. gr. laganna komi m.a. fram berum orðum að um samninga skuli beita þeim lögum sem samningsaðilar hafi valið. Með hliðsjón af ofangreindu mótmæli varnaraðili aðalkröfu sóknaraðila um íslenska dráttarvexti samkvæmt lögum nr. 38/2001.

Varnaraðili telji að hafna beri kröfu sóknaraðila um íslenska dráttarvexti eða aðra vexti samkvæmt lögum New York-fylkis fram til 22. apríl 2009. Samkvæmt 102. gr. laga um fjármálafyrirtæki gildi, við slit fjármálafyrirtækis, sömu reglur og við gjaldþrotaskipti um gagnkvæma samninga þess og kröfur á hendur því, að öðru leyti en því að dómsúrskurður um að það sé tekið til slita leiði ekki sjálfkrafa til þess að kröfur á hendur því falli í gjalddaga. Í frumvarpi til laganna komi fram að þessi regla breyti ekki ákvæðum 99. gr. laga nr. 21/1991 um að heildarfjárhæð einstakra krafna skuli miðast við þann tíma sem fyrirtæki sé tekið til slitameðferðar og ákvæði 114. gr. sömu laga um að kröfur um vexti, verðbætur, gengismun og kostnað af innheimtu kröfu, sem falli til eftir upphaf slitameðferðar, skuli standa að baki öðrum kröfum. Gjaldtagi umræddra skuldabréfa hafi verið 25. september 2012, þ.e. eftir upphafsdag skipta.

Rétthæð krafna og önnur réttaráhrif ráðist af þeim degi sem úrskurður um slitameðferð gangi. Í tilviki varnaraðila sé miðað við gildistöku laga nr. 44/2009, þ.e. 22. apríl 2009. Gildistaka laga nr. 44/2009 marki þannig ákveðinn skurðpunkt sem leiði til þess að kröfur um vexti, verðbætur og kostnað af innheimtu kröfu skv. 113. gr. laga nr. 21/1991, sem hafi fallið til eftir úrskurð um slitameðferð, teljist eftirstæðar kröfur samkvæmt 114. gr. laganna.

Í 12. gr. skilmála skuldabréfanna, þar sem kveðið sé á um vanefndartilvik, komi fram að sé dómsmeðferð, skiptameðferð eða gjaldþrotaskipti hafin gegn útgefanda sé kröfuhafa heimilt að gjaldfella skuldina. Til að neyta slíks vanefndarræðis verði kröfuhafi að beina skriflegri tilkynningu um það til skuldara og hafi slík ákvöð áhrif gagnvart skuldaranum frá því að hún berist honum. Engin ákvæði í skráningarlýsingunni, skilmálunum eða verðlagningarskránni veiti kröfuhafa heimild til að víkja frá þessari almennu reglu. Ekkert liggi fyrir um að sóknaraðili hafi beint tilkynningu um gjaldfellingu skuldabréfanna til varnaraðila, en slík tilkynning hefði þurft að berast áður en varnaraðili fór í greiðslustöðvun, eða fyrir 24. nóvember 2008.

Þar sem hvorki skráningarlýsingin né verðlagningarskráin hafi að geyma ákvæði um greiðslu dráttarvaxta sé ekki unnt að líta svo á að krafa sóknaraðila um dráttarvexti samkvæmt umræddum skuldabréfum hafi gjaldfallið fyrr en í fyrsta lagi þegar úrskurður um slitameðferð varnaraðila leiddi til þess skv. 102. gr. laga um fjármálafyrirtæki, sbr. 1. mgr. 99. laga nr. 21/1991. Krafa sóknaraðila hafi því ekki verið fallin í gjalddaga við upphaf slitameðferðar varnaraðila hinn 22. apríl 2009. Beri með hliðsjón af framanröktu að hafna kröfu sóknaraðila um íslenska dráttarvexti eða aðra vexti skv. lögum New York-fylkis fram til 22. apríl 2009.

Varnaraðili vísi til álitserðar sem hann hafi lagt fram í málinu varðandi lög New York-fylkis. Þar komi fram að þar sem sóknaraðili hafi ekki nýtt rétt sinn til að gjaldfella skuldabréfin eigi að fara með þau eins og vanefndartilvik hafi ekki átt sér stað. Hefði sóknaraðili hins vegar gjaldfellt bréfin með skriflegri tilkynningu myndi dómstóll í New York-fylki dæma 9% vexti á höfuðstól bréfanna.

Varnaraðili mótmæli ekki því sem fram komi í fyrirliggjandi álitserð frá sóknaraðila um að lögbundnir vextir samkvæmt lögum New York-fylkis falli á uppsafnaða samningsvexti. Sóknaraðili hafi hins vegar ekki krafist vaxtavaxta í kröfulýsingu sinni. Í viðauka með kröfulýsinguinni sé aðeins krafist íslenskra dráttarvaxta á höfuðstól allra skuldabréfakrafna í bandarískum dölum í eigu sóknaraðila. Mótmæli varnaraðili því að sóknaraðili geti aukið við kröfur sínar í greinargerð frá þeim kröfum sem gerðar hafi verið í kröfulýsingu.

Varðandi innheimtukostnað byggir varnaraðili á því að hafna beri alfarið kröfu sóknaraðila um innheimtukostnað á þeim grundvelli að engin lögbundin eða samningsbundin ákvæði skuldbindi varnaraðila til þess að greiða slíka kröfu. Sé krafa sóknaraðila byggð á því að um sé að ræða kostnað sem fallið hafi til í tengslum við sönnun og framsetningu kröfunnar við slitameðferðina. Þessu mótmæli varnaraðili og bendi á að samkvæmt yfirliti því sem sé að finna í viðauka með kröfulýsingunni tengist meginhluti umkrafins kostnaðar á engan hátt sönnun og framsetningu kröfu sóknaraðila við slitameðferð varnaraðila. Þvert á móti virðist kostnaðurinn til kominn vegna umfangsmikillar íslenskrar og erlendra lögfræðiráðgjafar sem tengist í fyrsta lagi atriðum er varði framkvæmd slitameðferðar, viðbrögð Íslands við bankahruninu og áhrif á kröfu sóknaraðila, íslensk gjaldþrotalög og reglur varðandi útgreiðslu, möguleg greiðsluform til kröfuhafa og önnur álitaefni tengd eftir á greiðslum. Þá tengist þessi kostnaður bréfaskriftum og fundahöldum lögfræðiráðgjafa sóknaraðila, m.a. með skilanefnd varnaraðila, fulltrúum íslenskra yfirvalda, Alþjóðagjaldeyrissjóðnum svo og þátttöku þeirra í formlegum og óformlegum kröfuhafafundum varnaraðila og öðrum fundum sem séu ekki tilgreindir nánar. Í þriðja lagi tengist kostnaðurinn mati á eignum og skuldum varnaraðila og hugsanlegrar sölu á eignum. Í fjórða lagi lögfræðiráðgjöf varðandi álitaefni tengdum áhrifum nýja bankans á kröfur sóknaraðila sem og samráði við kröfuhafahópa og samráði við aðra kröfuhafa. Samkvæmt þessu sé með engu móti hægt að komast að þeirri niðurstöðu að framangreindur útlagður kostnaður sóknaraðila tengist eingöngu innheimtu kröfunnar heldur þyki ljóst að hann sé til kominn vegna annarra ótengdra atriða. Þá virðist vinna þessi vera langt umfram það sem geti talist eðlilegt við þann einfalda gerning að lýsa kröfu við slitameðferð. Sá kostnaður falli til eftir upphaf slitameðferðar og teljist því eftirstæð krafa skv. 114. gr. laga nr. 21/1991. Stofnað hafi verið til þessa kostnaðar að eigin frumkvæði sóknaraðila og geti hann ekki vænst þess að fá kostnað við almenna lögfræðipjónustu greiddan úr búi varnaraðila. Ekki verði með vissu ráðið af fyrirliggjandi gögnum hvernig fjárhæð umrædds kostnaðar sé fengin eða hvenær til hans hafi verið stofnað sem telja verði lykilatriði við mat á því hvort hann hafi fallið til fyrir eða eftir upphaf slitameðferðarinnar.

Sóknaraðili vísi til Evróputilskipunar 200/24/EC um fjárhagslega endurskipulagningu og slit fjármálastofnana, nánar tiltekið til k-liðar 2. mgr. 10. gr., þar sem fram komi að með kröfur um kostnað skuli fara samkvæmt löggjöf heimaríkis. Varnaraðili mótmæli þessu ekki og bendi á 22. gr. laga nr. 21/1991 í því sambandi. Kostnaður sóknaraðila verði til eftir að varnaraðili hafi farið í greiðslustöðvun hinn 24. nóvember 2008 og eftir það tímamark sé því ekki heimilt að samþykkja kostnað vegna innheimtu krafna.

Þá sé ljóst, með hliðsjón af 2. mgr. 117. gr. laga nr. 21/1991, að krafa sóknaraðila sé verulega vanreifðuð og leiði það eitt til þess að hafna beri kröfunni.

Um lagarök kveðst varnaraðili vísa m.a. til laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 44/2009, laga um lagaskil nr. 43/2000, laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, meginreglna gjaldþrotaskiptaréttar um jafnræði kröfuhafa, meginreglna samningaréttar um túlkun samninga og enskra reglna um greiðsluþrot. Kröfu um málskostnað byggja varnaraðili á 130. gr., sbr. 129. gr., laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

V.

Eins og áður er lýst kemur fram í útgáfulýsingu vegna skuldabréfaútgáfu varnaraðila (*offering circular*), dags. 25. október 2006, að um þau skuldabréf gildi almennir skilmálar sem þar komi fram og skilmálar sem komi fram í sérstökum viðauka með henni. Þá var hinn 20. september 2007 gefinn út sérstakur viðauki vegna verðlagningar sem hefur að geyma frekari skilmála um bréfin. Hefur sóknaraðili, sem kaupandi bréfanna, gengist undir framangreinda skilmála skuldabréfanna og sýnist óumdeilt að hann sé af þeim bundinn. Fram kemur bæði í útgáfulýsingunni sjálfri og í skilmálum bréfanna að skuldabréfin og skilmálar þeirra lúti lögum New York-ríkis og skuli túlkast í samræmi við. Í samræmi við þetta, og með vísan til 3. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000, verður þetta samkomulag aðilanna lagt til grundvallar um að um skuldabréfin og skilmála þeirra skuli beita lögum New York-ríkis. Verður ekki talið að ákvæði c-liðs 2. mgr. 1. gr. laga breyti neinu í þessu sambandi, eins og sóknaraðili heldur fram, enda á sú undanþága einungis við að svo miklu leyti sem álitafni sem til úrlausnar eru snerta eðli skuldabréfanna sem viðskiptabréfa.

Báðir málsaðilar hafa lagt fram í málinu allitarleg sérfræðiálit frá bandarískum lögmannsstofum varðandi þau ágreiningsefni sem hér eru til úrlausnar með tilliti til laga New York-ríkis. Samkvæmt því verður að telja að bæði tilvist og efni þeirra lagareglna sem um ræðir sé nægilega í ljós leitt í skilningi 2. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Í greindum viðauka vegna verðlagningar bréfanna kemur fram að útgáfudagur allra skuldabréfa í sama skuldabréfaflokki sé 25. september 2007 og gjalddagi 25. september 2012. Segir og að bréfin beri fasta 6,375% vexti sem greiðast skuli tvisvar á ári, 25. mars og 25. september ár hvert. Liggur fyrir að varnaraðili var í skilum með vaxtagreiðslur þegar Fjármálaeftirlitið tók yfir starfsemi hans og setti yfir hann skilanevnd hinn 7. október 2008, eins og áður er komið fram.

Krafa sóknaraðila byggist á skuldabréfum að nafnvirði 199.600.000 Bandaríkjadala sem hann keypti í skuldabréfaútbóði varnaraðila, en eins og fram kemur í viðauka

vegna verðlagningar var útgáfuverð bréfa (*issue price of tranche*) í skuldabréfaflokki 99,776% af nafnvirði og fékk sóknaraðili því afslátt af nafnvirðinu sem nam 447.104 Bandaríkjadöllum, eða 0,224%. Í kröfulýsingu sinni til slitastjórnar varnaraðila gerði sóknaraðili kröfu til að fá samþykktu sem almenna kröfu skv. 113. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., höfuðstólsfjárhæð sem næmi upphaflegu heildarnafnvirði bréfanna. Niðurstaða slitastjórnar varnaraðila var hins vegar sú að samþykkja heildarnafnvirði bréfanna, að frádregnum afslættinum, sem höfuðstól kröfunnar, eða 26.031.275.036 krónur, auk þess að fallast á þann hluta afsláttarins sem telja mætti áfallinn fyrir viðmiðunardag slitameðferðarinnar hinn 22. apríl 2009, að fjárhæð 18.424.737 krónur. Var í því sambandi út frá því gengið að líta bæri á upphaflegu útgáfuafföllin sem eins konar vaxtaþátt sem yrði að afskrifa eftir svokallaðri beinlínuaðferð og dreifa afföllunum jafnt yfir líftíma bréfanna.

Eins og fyrr segir áttu bréfin að greiðast á gjalddaga bréfanna hinn 25. september 2012 og kemur fram í ákvæðum hins tilvitnaða viðauka að þau skyldu þá greiðast á lokainnlausnargengi sem samsvaraði 100% af nafnvirði þeirra. Frá þessu er gerð sú undantekning í a-lið 12. gr. skilmála skuldabréfanna að komi til vanefndatilviks í skilningi ákvæðisins geti handhafi skuldabréfs sent útgefanda tilkynningu um gjaldfellingu bréfsins og eigi handhafinn þá rétt til greiðslu á snemmbúnu innlausnarverði (*early redemption amount*), eins og það sé nánar skilgreint í skilmálunum. Segir í 27. tl. fyrrgreinds viðauka að fjárhæð við innlausn fyrir gjalddaga, eða snemmbúið innlausnarverð, teljist 100% af upphæð höfuðstóls (*principal amount*), að viðbættum áföllnum vöxtum fram að gjalddaga. Verður að líta svo á að yfirtaka skilanevndar fyrir hönd Fjármálaeftirlitsins á rekstri Glitnis banka hf. hinn 7. október 2008, á grundvelli ákv. 100. gr. a. laga nr. 161/2002 eins og að framan getur, falli undir þau vanefndatilvik sem talin eru upp í ákvæðinu. Óumdeilt er hins vegar að sóknaraðili sendi varnaraðila ekki sérstaka tilkynningu í skilningi framangreinds a-liðs 12. gr., en telja verður það skýra forsendu þess að uppfyllt sé skilyrði ákvæðisins. Samkvæmt þessu, og þar sem ekki verður talið að krafa sóknaraðila hafi fallið sjálfkrafa í gjalddaga fyrir viðmiðunardag slitameðferðar varnaraðila hinn 22. apríl 2009, verður að líta svo á að höfuðstóll kröfunnar hafi verið ógjaldfallinn á þeim tímapunkti.

Í útgáfulýsingu og skilmálum skuldabréfaútgáfunnar eru ákvæði þess efnis að þegar gefinn sé afsláttur af nafnvirði skuldabréfa yfir tilgreindum mörkum teljist slík bréf vera afsláttarbréf (*discount notes*) í skilningi skilmálanna. Sýnist ekki um það ágreiningur að veittur afsláttur af nafnvirði skuldabréfanna til sóknaraðila í þessu máli hefði þurft að samsvara 1,25% af nafnvirðinu til að falla undir framangreinda skilgreiningu á afsláttarbréfum, í stað 0,224% eins og afslátturinn var í raun. Er kveðið á um að þegar um slík skuldabréf sé að ræða skuli fjárhæð þeirra reiknast á tiltekinn veg komi til innlausnar þeirra, endurgreiðslu eða gjaldfellingar. Skal endurgreiðslufjárhæðin þá svara til útgáfuverðsins með veittum afslætti ásamt öllum ógreiddum vöxtum sem fallið hafa til á viðmiðunardegi innlausnarinnar. Jafnframt er tekið fram að útistandandi afsláttur verði reiknaður í samræmi við tiltekna ávöxtunaraðferð (*constant yield method*) sé ekki um annað samið. Eru þá útgáfuafföllin afskrifuð með svokallaðri beinlínuaðferð, sem þýðir að þeim hafi

verið dreift jafnt á líftíma bréfanna. Liggur fyrir að slitastjórn varnaraðila beitti þessari aðferð við útreikning á kröfu sóknaraðila og samþykkti sem almenna kröfu þann hluta afsláttarins sem þannig taldist hlutfallslega áfallinn hinn 22. apríl 2009.

Samkvæmt því sem að framan greinir falla skuldabréf sóknaraðila hvorki undir framangreinda skilgreiningu skilmála skuldabréfanna á afsláttarbréfum né teljast þau, á viðmiðunardegi slitameðferðar varnaraðila hinn 22. apríl 2009, hafa verið gjaldfelld með tilkynningu frá sóknaraðila í kjölfar vanefndaatviks í skilningi skilmálanna. Þegar til þessa er litið, og til fyrirbyggjandi gagna um rétt New York-rikis og afstöðu dómstóla þess ríkis til slíks afsláttar, þykir verða að skýra skilmála skuldabréfa sóknaraðila þannig að fara beri fremur með nafnvirðisafsláttinn sem ígildi vaxta en hluta af höfuðstól kröfunnar og að slitastjórn varnaraðila hafi verið rétt að reikna höfuðstól kröfu sóknaraðila og ákvarða meðferð afsláttarins á þann veg sem hún gerði og krefst staðfestingar á. Er niðurstaða slitastjórnarinnar hvað þetta varðar því staðfest.

Jafnframt því að samþykkja sem almenna kröfu framangreint útgáfuverð bréfanna og áfallinn hluta affallanna hinn 22. apríl 2009 samþykkti slitastjórn varnaraðila, sem almenna kröfu skv. tilvitnaðri 113. gr., ógreidda samningsvexti á höfuðstól kröfu sóknaraðila til 22. apríl 2009. Aðalkrafa sóknaraðila vegna vaxtaþáttarins lýtur hins vegar að því að hann eigi að fá viðurkennda samningsvexti, sem reiknist frá 25. september til 7. október 2008, en viðurkennda dráttarvexti samkvæmt íslenskum lögum frá þeim degi til upphafsdags slitameðferðar varnaraðila hinn 22. apríl 2009. Varnaraðili hefur mótmælt þessu og vísar í því sambandi í fyrsta lagi til þess að í kröfulýsingu sóknaraðila hafi krafa hans um þessa vexti ekki verið tilgreind svo nákvæmlega sem lögboðið sé í 2. mgr. 117. gr. laga nr. 21/1991 og hljóti því þegar af þeirra ástæðu að verða að hafna slíkri kröfu. Í málinu liggur fyrir kröfulýsing sóknaraðila ásamt viðaukum og fylgiskjölum sem fylgdu með henni til slitastjórnar varnaraðila. Eru skjöl þessi öll rituð á enska tungu og hafa ekki verið lögð fram í málinu í íslenskri þýðingu. Af þeim og öðrum gögnum má þó ráða að með umræddri kröfulýsingu sé sóknaraðili að lýsa í einu lagi kröfum sínum vegna skuldabréfa útgefnum af varnaraðila í þrettán skuldabréfaflokkum í Bandaríkjadöllum. Er í kröfulýsingunni vísað til meðfylgjandi yfirlits varðandi fjárhæðir höfuðstólsins, vaxta og kostnaðar og má í yfirlitinu greina hvaða kröfum vegna höfuðstóls og samningsvaxta lýst sé vegna þeirra skuldabréfa sem um ræðir í máli þessu. Auk þess er vísað til sérstakra viðauka varðandi útreikning á dráttarvöxtum og kostnaði. Er í fyrrgreindra viðaukanum gerð grein fyrir útreikningi dráttarvaxta á samanlagðan höfuðstól allra bréfa sóknaraðila í Bandaríkjadöllum til 22. apríl 2009, án þess að gerð sé nánari grein fyrir útreikningi þeirra varðandi hvern skuldabréfaflokk fyrir sig. Enda þótt framsetning kröfulýsingar sóknaraðila sé ekki svo skýr sem skyldi þykir þó verða að líta svo á, eins og hér háttar, og með hliðsjón af niðurstöðu Hæstaréttar í málinu nr. 673/2010, að greindur viðauki teljist hluti kröfulýsingar sóknaraðila og að krafa hans um dráttarvexti rúmist innan þeirra marka sem 2. mgr. 117. gr., sbr. 1. mgr. 177. gr., laga nr. 21/1991 heimilar. Telst þessum hluta kröfu sóknaraðila því lýst með fullnægjandi hætti.

Ekki sýnist um það ágreiningur að í þeim skilmálum sem um skuldabréfin gilda sé ekkert kveðið á um greiðslu dráttarvaxta eða útreikning vaxta við vanskil. Er áður komið fram að samkvæmt ákvæðum skilmálanna skuli lög New York-ríkis gilda um þau skuldabréf er hér um ræðir og skilmálarnir túlkaðir í samræmi við þau. Leiðir af c-lið 1. mgr. 10. gr. laga nr. 43/2000 að lög New York gildi einnig um afleiðingar vanefnda varnaraðila á greiðslum samkvæmt skuldabréfinu, þar á meðal um rétt til vanefndavaxta. Er því hafnað kröfu sóknaraðila um að reikna beri íslenska dráttarvexti skv. lögum nr. 38/2001 á kröfu hans.

Af málatilbúnaði aðila má ráða að komist dómurinn að þeirri niðurstöðu að lög New York-ríkis gildi um vanskilavexti samkvæmt bréfunum sé ekki um það ágreiningur, með tilliti til þeirra gagna sem liggja fyrir, að við vanskil á samningi eins og hér um ræðir eigi við vextir samkvæmt New York's Civil Practice Law & Rules, grein 5001, sem séu fastir 9% vextir á ári. Varnaraðili hefur hins vegar mótmælt því að sóknaraðili eigi rétt á slíkum vöxtum af höfuðstól þar sem bréfin hafi aldrei verið gjaldfelld. Verður á þetta sjónarmið fallist með vísan til þess sem áður segir, að sóknaraðili hafi ekki nýtt sér umsamda heimild sína til að gjaldfella bréfin fyrir 22. apríl 2009. Verður því hafnað kröfu hans um umrædda 9% vexti af höfuðstól kröfunnar.

Sóknaraðili byggir einnig á því að dráttarvextir eigi að reiknast á gjaldfallna vexti fyrir 22. apríl 2009. Verður talið að krafa hans þar um sé nægilega fram sett og rúmist innan upphaflegrar kröfugerðar samkvæmt kröfulýsingu. Með tilliti til þess að skilja verður greinargerð varnaraðila á þann veg að hann mótmæli því ekki að lögbundnir vextir samkvæmt lögum New York-fylkis skuli falla á gjaldfallna samningsvexti, og með hliðsjón af þeim gögnum sem fyrir liggja um beitingu tilvitnaðrar greinar 5001 samkvæmt New York-rétti, verður fallist á að sóknaraðili eigi kröfu til þess að fá 9% dráttarvexti á þá vaxtafjárhæð sem gjaldfallin var samkvæmt skilmálunum, frá 25. september 2008 til 22. apríl 2009.

Sóknaraðili gerir í máli þessu kröfu um að viðurkennd verði krafa hans um áfallinn kostnað sem nemi 160.862,18 krónum. Kveður hann kostnað þennan hafa fallið til í tengslum við sönnun og framsetningu kröfu sinnar við slitameðferðina. Samkvæmt þeim skjölum sem sóknaraðili hefur lagt fram til stuðnings þessari kröfu sinni verður ráðið að greindur kostnaður sé fjárhæð sem reiknuð hafi verið út sem hlutfall af heildarkostnaði sóknaraðilans vegna umfangsmikillar lögfræðilegrar ráðgjafar íslenskra og erlendra lögfræðistofa vegna slitameðferðar föllnu bankanna, Glitnis banka hf., Kaupþings banka hf. og Landsbanka Íslands hf. Liggur engan veginn ljóst fyrir af þessum gögnum hvað af þessum kostnaði tengist beint slitameðferð varnaraðila. Þá liggur heldur ekki fyrir hvenær kostnaður þessi féll til. Þannig virðist sem verulegur hluti kostnaðarinn hafi fallið til eftir að úrskurður um greiðslustöðvun varnaraðila var kveðinn upp hinn 24. nóvember 2008 og hluti hans

hafi fallið til eftir viðmiðunardag slitameðferðarinnar hinn 22. apríl 2009. Eru flestir þeirra reikninga sem sóknaraðili byggir kröfu sína á dagsettir eftir greindan viðmiðunardag. Með hliðsjón af framangreindu þykir sóknaraðili, þegar af þessum ástæðum, ekki hafa sýnt fram á það með haldbærum gögnum að til kostnaðar þessa hafi verið stofnað með þeim hætti að hann geti átt réttmæta kröfu að þessu leyti. Verður þessari kröfu hans því hafnað.

Að öllu því virtu sem að framan er rakið, og með tilliti til fyrirliggjandi sameiginlegrar bókunar aðila og annarra gagna um útreiknaðar fjárhæðir í íslenskum krónum miðað við gengi 22. apríl 2009, er það niðurstaða máls þessa að viðurkennd er höfuðstólskrafa sóknaraðila að fjárhæð 26.031.275.036 krónur, áfallinn afsláttur fyrir 22. apríl 2009 að fjárhæð 18.424.737 krónur, ógreiddir samningsvextir fram til 22. apríl 2009 að fjárhæð 960.971.206 krónur og 9% vextir samkvæmt lögum New York-réttar á ógreidda samningsvexti til 22. apríl 2009 að fjárhæð 993.312 krónur. Samtals er því viðurkennd sem almenn krafa skv. 113. gr. laga nr. 21/1991 við slit varnaraðila krafa sóknaraðila að fjárhæð 27.011.664.291 króna.

Með vísan til þess að veruleg vafaatriði þykja vera fyrir hendi í máli þessu þykir rétt, með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, að hvor aðili beri sinn hluta málskostnaðar.

Mál þetta fluttu Kári Hólmur Ragnarsson hdl. fyrir hönd sóknaraðila og Páll Eiríksson hdl. fyrir hönd varnaraðila.

Úrskurð þennan kveður upp Ásgeir Magnússon héraðsdómari.

Úrskurðarorð:

Krafa sóknaraðila, Burlington Loan Management Limited, að fjárhæð 27.011.664.291 króna á hendur varnaraðila, Glitni banka hf., er viðurkennd við slit varnaraðila sem almenn krafa skv. 113. gr. laga nr. 21/1991.

Málskostnaður fellur niður.

Magnússon

Ásgeir

